

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Blásalir 6.9.2017 15:04

2017 – 2018



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Ytra mat.....	7
2.3 Matsáætlun	7
3. Umbótaþættir.....	8
3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur.....	8
3.2 Verk-, tækni- og listnám	10
3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	11
3.4 Fjölmening.....	12
4 Aðrar áherslur í stafi leikskólans	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5 Starfsmannamál	13
6.1 Starfsmannahópurinn 1. júní.....	13
6.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	13
6.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	13
6.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	14
7. Aðrar upplýsingar	15
7.1 Barnahópurinn 1. júní.....	15
7.2 Foreldrasamvinna.....	15
7.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
7.4 Almennar upplýsingar	16
8. Fylgiskjöl	16

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári

Skólaárið 2016 – 2017 einkenndist af áframhaldandi starfi með græn gildi svo sem Grænfánanum. Grendarsvæði leikskólans sem heitir Gullkistan og síðan sameiginlegt svæði leik og grunnskólanna í Selásnum sem við köllum Heimahagana. Þróunarverkefninu sem skólarnir unnu að í tvö ár er nú lokið og búum við að þeim verkefnum, reynslu og fræðslu sem þess ár gáfu okkur.

Leikskólinn var þátttakandi í Erasmus verkefni sem heitir „Blue planet, wather around us“ sem er samstarfsverkefni fimm landa: Ísland, Svíþjóð, Eistland, Pólland og Spánn. Verkefnastjórinn okkar er Guðmunda Guðjónsdóttir en stjórn verkefnisins er í höndum Svía. Áherslan í verkefni er að vinna að umhverfismennt, sjálfbærni, grænum gildum og með vatnið í öllum sínum fjölbreytileika. Þáttökupjóðirnar komu í heimsókn til okkar í janúar og einnig tókum við á móti leikskólakennara í shadowing á vegum Erasmus á þessum sama tíma. Við lukum við þetta verkefni nú með ferð til Spánar í júní 2017 og skiluðum inn skýrslu ásamt öðrum þáttökupjóðum. Vinnan við þetta verkefni hefur gefið okkur mikið bæði það að fara og skoða hjá öðrum þjóðum við hvaða aðstæður þær búa í leikskólunum og þátttakan í verkefnunum sjálfum. Þetta hefur verið einn af aðalþáttum í starfsþróun leikskólakennara auk annara starfsmanna.

Einnig byrjuðum við þáttöku í verkefni í Nordplus þar er verkefnastjórinn okkar Elín Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Samstarfslöndin eru Svíþjóð, Eistland og Noregur. Verkefnið heitir The world of storytelling og er aðaláherslan á læsi. Fyrsta heimsóknarlandið var Ísland og tókum við á móti þáttökupjóðum í lok nóvember og funduðum með þeim um fyrsta lið verkefnisins og hvert land kynnti sýna vinnu. Einnig fórum við með þeim í heimsókn á valda leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Annar fundur var síðan í Noregi núna í maí þar sem farið var yfir verkefnið og unnið að næstu skrefum í því. Þetta verkefni fer vel af stað og erum við þess fullviss að það mun gefa okkur dýrmæta reynslu eins og þau verkefni sem við höfum áður tekið þátt í.

Vinna okkar í því að auka flæði og verkefnavinnu þvert á húsið hefur gengið vel og í vetur var unnið með smiðjur í tengslum við jóla, öskudag og Grænan apríl. Verkefnið sem varð fyrir valinu í Grænum apríl var að vinna með haldbrúðugerð. Þetta verkefni kom í tengslum við Nordplus verkefnið okkar The world of storytelling og einnig í sambandi við brúðusýningu um Íslenska fillinn í flutningi Bernd Ogrodnik sem foreldrafélagið bauð upp á. Afraksturinn var til sýnis á opna húsinu okkar í byrjun maí þar voru handbrúður af öllum gerðum í aðalhlutverki.

Bæði sýningin um Íslenska fillinn og sagan um leitina af norðurljósunum sem við lásnum í tengslum við Nordplus verkefnið okkar komu af stað umræðum um fjölmenningu og hvernig við mannfólkið erum lík og einnig hvaða sérkenni við höfum. Fjölmenningsdagur var haldin í leikskólanum þar sem við gerðum fánum barnanna hátt undir höfði og ræddum ólíka siði og menningu. Einnig fengum við foreldra með okkur í lið með að koma með mat til að smakka auk þess sem við keyptum inn mat

sem kom við sögu í norðurljósasögunni okkar en hún tekur einnig á fjölmenningu og umburðarlyndi gagnvart því sem er öðruvísi og framandi.

Öskudagurinn var helgaður vinnu út frá norðurljósasögunni og fengum við skemmtilega grein í morgunblaðinu með ljósmyndum og frásögn af verkefnavinnunni byrta á öskudaginn. Lagt var upp með að endurnýta sem flesta hluti og huga þannig að sjálfbærni og náttúrunni. Fjölbreyttar vinnuaðferðir og ólík nálgun barna og fullorðinna gerðu þetta verkefni sérstakt og eftirsóknarvert fyrir allt skólasamfélagið. Foreldrar tóku þátt í þessu verkefni með því að koma með stuttermaboli og annan fatnað sem nýttist vel. Starfsfólk kom með saumavélar að heiman til að vinna með börnunum inn á deildum og sýndi þannig áhuga sinn. Við höfum einnig leitað til vefnaðarvörverslana sem hafa gefið okkur efnis búta í þetta verkefni.

Heilsuefning hefur verið ríkjandi bæði í leikskólaskólastarfinu með börnunum og meðal starfsfólks. Æft hefur verið fyrir skipulögð hlaup og fjallgöngur og starfsfólk hefur tekið þátt í skipulagðri hreyfingu á vegum Lýðheilsustöðvar Íslands.

Börnin voru 74 á skólaárinu á fjórum deildum. Leikskólinn var ekki fullur að hausti og það tók tíma fram yfir áramót að fá börn og starfsfólk inn í skólann þannig að hann væri fullur sem gerði reksturinn erfiðari.

Breytingar í starfsmannahópnum voru nokkrar á skólaárinu vegna fæðingarorlofs, starfsfólk hætti og fann sér nýtt starf og langtímaveikindi. Mikil veikindi voru eftir áramótin hjá starfsmönnum og það komu dagar þar sem við urðum að senda börn heim vegna manneklu. Allt þetta gerði starfsemina flóknari á ákveðnum tímum og reyndi á þolgæði þeirra sem eftir voru.

Skólaárið 2016 - 2017 var þegar á heildina er litið erfitt, kraftmikið og skapandi.

6.9.2017

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun¹

2.1 Innra mat leikskólans

Flestir þættir uppeldisstarfsins og búnaður leikskólans voru metnir (sjá fylgisskjöl). Allt starfsfólk deilda vann að matinu. Mikil vinna í þessu mati lendir á deildarstjórum sem stjórna fundum og halda utan um matið og skila því skriflega til leikskólastjóra. Við höfum verið að þróa okkar eigin matskvarða og stuðst er við *Ekers kvarðann* og *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs*. Skólanámskrá skólans er einnig notuð til að meta starfið en í henni kemur fram að á hverju ári eigi að meta lýðræði, jafnrétti, þátttöku barna, námsvið leikskólans og mat á námi og velferð barna (sjá skólanámskrá Blásala kafla um mat). Þessar umræður skila sér í faglegum umræðum milli starfsfólks og aukinni yfirsýn yfir deildarstarfið og samstarfið í öllu húsinu.

Deildarstjórafundir voru notaðir til að fara yfir starfið og ræða faglegar áherslur og hvað gekk vel og hvað mætti betur fara. Einnig vorum við með kjarnafundi þar sem báðar yngri deildir funduðu saman um starfið og uppeldislegar áherslur og á sama hátt eldri deildir. Foreldrar koma aðallega að mati í gegnum viðtöl, tölvusamskipti og dagleg samskipti.

Á starfsdegi 5.maí var tekinn tími til þess að meta starfið í leikskólanum. Kjarnarnir voru saman við að meta leikskólastarfið almennt út frá okkar eigin kvarða. Síðan var starfsfólki skipt í tvo hópa og svaraði saman spurningum um um lýðræði og jafnrétti, hlutverki kennara, mat á námi og velferð barna námsvið leikskólans, leikskólaþróun og símenntun og skóli án aðgreiningar. Umræðurnar voru mjög þarfar og spurningar áleitnar þannig að umræðan þurfti að fara á dýptina.

Almennt finnst okkur við vera að standa okkur vel en þó eru nokkrir hlutir sem nauðsynlegt er að skerpa á, endurskoða og bæta.

Nú er leikskólinn að opna tvær ungbarnadeildir í haust. Farið var yfir þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu og innkaup á nýjum húsgögnum. Ákveðið var að endurskoða dagskipulag, kaffitíma starfsfólks, útbúa bækling með upplýsingum fyrir nýja foreldra, útbúa kassa með grunn áhöldum fyrir undirbúningstíma og kassa fyrir listsköpun inni á deildar. Mikill vilji er fyrir að efla og auka útivalið á leikskólanum. Hafa meiri fjölbreytni á verðlausum efnivið sem vekur áhuga barnanna. Umræða var um að að finna leiðir og útbúa stað fyrir rólegheit sérstaklega á eldri deildum. Helstu styrkleikar eru meðal annars að aðgengi í listakrök var bætt, nýir skápar og skúffur voru settar upp þannig að geymslupláss hefur lagast til muna, alltaf þarf þó að passa upp á umgengina. Aðstaða til byggingaleiks var endurskoðuð, þannig að börnin hafa nú aðstæður til þess að láta byggingar sínar standa frá degi til dags og þróa þær áfram. Erasmus og NordPlus verkefni hafa verið ríkjandi í öllu starfi leikskólans. Fræðsla og uppgötvanir barnanna um verndun vatnsins hafa verið áberandi hjá eldri börnunum. Mikil áhersla hefur verið lögð á læsi og lestur bóka og ritmálið verið sýnilegra í á eldri deildum. Mikið samstarf var við bókasafnið og var meðal annars haldin myndlistarsýning þar. Helstu veikleikar eru mikil mannekla vegna veikinda starfsfólks og annarra fjarveru. Starfsfólk hefur ekki fengið undirbúning og tíma til þess að sinna faglegu starfi. Erfitt var að fá hæft starfsfólk til vinnu.

¹ Bent er á að nýta má fylgirit/skema um umbótaáætlun til að setja inn umbætur á grunni innra og ytra mats

Oft vantar tíma og afleysingu til þess að fylgja á eftir ýmsum hugmyndum og vinnu að undirbúningi og verkefnum með börnunum. Næsta vetur ætlum við að einfalda og draga saman skipulag, þannig að hægt sé að sinna því vel sem verið er að vinna að hverju sinni.

2.2 Ytra mat

Var gert mat á leikskólastarfinu á vegum SFS, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila á síðasta ári? Ef svo er, látið eftirfarandi koma fram:

- SFS lagði fyrir spurningar fyrir foreldra.
- Skoða viðhorf foreldra til leikskólans, líðan og stuðning við barnið, upplýsingaflæði og stjórnun.
- Samanburður var við heildarsvör um hlutfall sem var sammála.
- Helstu niðurstöður voru nokkuð góðar 93% fannst barninu sínu líða vel í leikskólanum og að starfsfólk þekki þarfir barnsins og styðji það vel í leikskólastarfinu.

2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun

- Óformlegt mat fer m.a. fram í daglegum samskiptum og morgunfundum. Formlegt mat kennara fer fram m.a. á deildarfundum, kjarnafundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og starfsdögum.
- Áætlað er að fá Sigrúnu Einarsdóttur fyrrverandi leikskólaráðgjafa sem leiðbeinanda og faglegan stuðning við opnun ungbarnaeilda. Þá verða reglulegir fundir með starfsfólki næsta vetur til þess að meta og bæta starfsumhverfið og faglega starfið
- Á næsta ári munum við fara yfir og bæta matlista leikskólans sem er meðal annars búnaður deilda, til skapandi starfs, til slökunar. Dagskipulag og skipulag ýmissa daglegra athafna. Aðgengi barna að efnivið og leikefni. Skipulag ýmissa uppákomudaga. Verkefni og gengi þeirra. Vinnuaðstaða og skipulag starfsmanna. Samkvæmt skólanámskrá munum við meta, Lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna, námsvið leikskólans, mat á námi og velferð barna, námsumhverfi og faglegt samstarf og lýðræðisleg vinnubrögð. Lagðar verða fyrir spurningar um viðmið og vísbendingar fyrir innar og ytra mat á gæðum leikskólastarfs. Áætlað er að matið verði gert á skipulagsdegi í maí, þar sem allt starfsfólk tekur þátt í matinu. Síðan verður farið yfir niðurstöður á skipulagsdegi næsta haust og gerð áætlun um endurbætur. Stjórnendur skólans sjá um að þessi vinna fari fram.

3. Umbótaþættir SFS

3.1 Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs 2017-2018 verður áfram lögð áhersla á fjóra umbótaþætti og sett fram dæmi um hlutverk starfsstaða fyrir hvern þeirra.

Í þessum kafla skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst dýpka sig í vinnu á þessum umbótaþáttum byggt á vinnu síðasta árs.

3.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur

Framtíðarsýn um málþroska, læsi og lesskilning

- Öll börn í grunnskólum getilesið sér til gagns.
- Samfella verði í móðurmálsnámi og þverfaglegt samstarf þar um í skóla- og frístundastarfi.
- Börn og unglingar verði gagnrýnir og meðvitaðir notendur fjölmiðla og samfélagsmiðla.
- Í öllu skóla- og frístundastarfi verði áhersla á læsi í víðum skilningi, t.d. umhverfislæsi og fjármálalæsi.

- Samstarfs verkefni Selásskóla, Heiðarborgar, Rauðuborgar og Blásala um grendarsvæði /Heimahaga heldur áfram.
Eitt af markmiðum verkefnisins er að efla læsi og umhverfisvitund nemenda.
Hver er ábyrgur? Verkefnastjórn og deildarstjórar elstu barna
Hvernig og hvenær verður árangur metinn? Vor 2018 sameiginlega af deildarstjórum og verkefnastjórn verkefnisins.
- Í vetur verður annar veturinn í NordPlus verkefni The world of storytelling. Verkefnið hlaut styrk frá NordPlus til tveggja ára. Samstarfslöndin eru Svíþjóð, Eistland og Noregur. Aukið samstarf verður við Ársafn bókasafnið í hverfinu. Foreldrar verða upplýstir og hvattir til þess að taka þátt í verkefninu. Markmið verkefnisins er meðal annars að efla læsi, áhuga á bókum og lestri.
Hver er ábyrgur? Verkefnastjóri.
Hvernig og hvenær verður árangur metinn? Á sameiginlegum fundum samstarfaðila sem verða tvisvar á ári og að vori 2018 í sameiginlegu mati leikskólans.

- Deildarstjórar yngstu deilda sóttu námskeið í TRAS sem er skráning á málþroska ungra barna. Þannig að hægt verði að bregðast við niðurstöðum til þess að fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi. Stefnt er á að deildarstjórar eldri deilda fari á námskeið í vetur.

- Orðaforðalisti frá Menntamálastofnun verður nýttur til til málörvunar og málskilning. Listinn verður tekin skipulega á hverri deild fyrir sig í vetur.
Markmiðið er að að leikskólakennarar fái gott verkfæri til að styðjast við þegar þeir vinni að eflingu orðaforða barnanna. Einnig verða niðurstöður nýttar í foreldraviðtölum.
Hver er ábyrgur. Deildarstjórar.
Hvernig og hvenær verður markmið metið. Vor 2018 sameignlega af öllum starfsmönnum í skólans samkvæmt matsáætlun skólans. Einnig á deildarfundum og deildarstjórafundum yfir allt árið.

3.2 Verk-, tækni- og listnám

Framtíðarsýn um verk-, tækni- og listnám

- Skapandi starf verði grundvallarþáttur í námi og þroska barna og ungmenna þar sem stuðst verði við fjölbreytta kennsluhætti og vinnubrögð.
- Börn hafi jöfn tækifæri til verk-, tækni- og listnáms hvar sem þau búa í borginni.
- Börn og unglingar fái fjölbreytt tækifæri til óformlegs list-, tækni- og verknáms í frístundastarfi.
- Upplýsingatækni verði nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.
- Unglingar fái verklega framhaldsskólaáfanga metna sem valgreinar í grunnskólanámi.

- Á yngri kjarna verður sulu aðstaða tekin fyrir fjölbreyttari sköpun. Þar verður aðstaða til þess að mála og gera mismunandi tilraunir.
- Á öllum deildum verður jarðleir í boði í frjálsum leik, þar sem börnin geta leikið sér með leirinn og/eða búið til eh til þess að brenna.
- Á öllum deildum verða vatnslitir aðgengilegir fyrir börnin.
- Hver er ábyrgur. Allir starfsmenn.
Hvernig og hvenær verður markmið metið. Vor 2018 sameignlega af öllum starfsmönnum í skólans samkvæmt matsáætlun skólans. Einnig á deildarfundum og deildarstjórafundum yfir allt árið.

3.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Framtíðarsýn um lýðræði jafnrétti og mannréttindi

- Börn og ungmenni verði með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Virðing verði borin fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Börn og ungmenni verði virk í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

- Í Grænfánaverkefninu okkar ætlum við að vinna með *Hnatrænt jafnrétti* sem þema næsta vetur . Það innber meðal annars: Hvernig tengjumst við öðrum heimshlutum? Hvernig hafa nemendur það annars staðar? Búa allir í heiminum við félagslegt réttlæti? Hefur lífstíll okkar einhver áhrif á líf fólks annars staðar í heiminum? Getum við sett okkur í samband við nemendur annars staðar í heiminum?
- Hver er ábyrgur. Allir starfsmenn.
Hvernig og hvenær verður markmið metið. Vor 2018 sameignlega af öllum starfsmönnum í skólans samkvæmt matsáætlun skólans. Einnig á deildarfundum og deildarstjórafundum yfir allt árið.

3.4 Fjölmening

Framtíðarsýn um fjölmeningu

- Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir komi til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Öll börn nái árangri í íslensku og börn með annað móðurmál verði studd til að viðhalda og efla það.
- Haft verði frumkvæði að samstarfi við foreldra.

- Í vetur var haldin fjölmeningardagur í tengslum við NordPlus verkefnið okkar, matur frá mismunandi löndum var á boðstólnum í salnum fyrir öll börnin og við sungum Meistari Jakop á mismunandi tungumálum. Einnig voru fáanar allra barnanna hengdir upp fyrir framan deildarnar. Í vetur ætlum við að vera í meira samstarfi við foreldra og útfæra daginn eða jafnvel viku tengslum við fjölmeningu. Einnig tengist nýja þemað í Grænfánanum Hnatrænt jafnrétti fjölmeningu og munum við vinna verkefni í tengslum við það.
- Hver er ábyrgur. Allir starfsmenn.
Hvernig og hvenær verður markmið metið.
Vor 2018 sameignlega af öllum starfsmönnum í skólans samkvæmt matsáætlun skólans.
Einnig á deildarfundum og deildarstjórafundum yfir allt árið.

4 Starfsmannamál

4.2 Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari m/framhaldsmenntun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari m/framhaldsmenntun
Deildarstjórar	2	280%	Leikskólakennari
Deildarstjóri	1		B.ed í leikskólakennarafræðum
Sérkennslustjóri	1	75%	sálfræðingur
Leikskólaliði		55%	Leikskólaliði
Leikskólakennari	4	350%	Grunnskólakennari/B.ed./þroskaþjálfari
Leiðbeinandi 2	2	175%	Iðnnám/sjúkraliði
Leiðbeinandi 1	3	256%	Grunnskólapróf
Starfsmaður 2	2	200%	Stúdentspróf
Starfsmaður 2	3	256%	Grunnskólapróf

Sérkennslustjóri byrjaði í nóvember. Erfiðlega gekk að ráða í allar stöður í haust. Það var ekki fyrr en um áramót sem leikskólinn var fullmannaður.

Einn starfsmaður kom úr fæðingarorlofi í desember. Annar starfsmaður fór í fæðingarorlof í mars.

5.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Allir starfsmenn fóru í starfsmannaviðtal hjá leikskólastjóra í apríl, maí og júní 2017. Farið var yfir líðan og óskir starfsmanna. Hvert viðtal tók um hálf tíma.

5.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Margrét leikskólastjóri sóttu endurmenntun/diplómanám í Jákvæðri sálfræði hjá HÍ síðasta vetur. Hálfur sameiginlegur námskeiðsdagur var í Árbænum 17.mars 2017 þar voru fyrirlestrar sem allt starfsfólk sótti. Starfsdagur var á Degi leikskólans 3.febrúar. Þá sótti allt starfsfólk leikskólans fræðsludag sem var í boði SFS. Leikskólinn fékk heimsóknir frá samstarfslöndum, NordPlus í nóvember og Erasmus í janúar. Einnig voru farnar heimsóknir til Noregs á vegum NordPlus og Spánar á vegum Erasmus. Í heimsóknirnar fóru Elín, Guðmunda, Helga, Margrét og Janette. Sérkennslustjóri sótti námskeið í. Ebba og Helga deildarstjórar sóttu námskeið í Tras. Guðmunda deildarstjóri sótti námskeið í læsi hjá Skóla-og frístundasviði.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).
- Sigrún Einarsdóttir verður með fyrirlestur fyrir allt starfsfólk um upphaf leikskólagöngu, námsumhverfið, starfaðferðir og foreldrasamstarf með yngstu börnunum.
- Sigrún mun síðan vera vera leiðbeinandi fyrir starfsfólk við opnun ungbarndeildanna. Fundir verða haldnir reglulega fyrir fræðslu, skipulag og endurmat. Áætlað er hafa fundi með öllu starfsfólki yngstu barna mánaðarlega.
- Deildarstjórar yngstu barna og aðstoðarleikskólastjóri ætla að sækja námskeið hjá endurmenntun Hí *Leikskólinn - gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin*.
- Deildarstjórar eldri deilda sækja námskeið í TRAS og Lubbi finnur málbeinið.
- Sameiginlegur starfsdagur er hjá öllum skólum í Árbæ 17.mars. Þennan dag eru ýmsir fyrirlestrar í boði, bæði kynningar frá starfi skólanna og þjónustumiðstöð. Stefnt er að fá fræðslu um heimamenningu barna á þessum degi. Allt starfsfólk leikskólans sækir þessa fræðslu.
- Reynt verður eftir megni að koma á móts við óskir fagfólks um að fara á viðurkennd námskeið sem auðga starfið og styrkja fagvitund. Einnig verður reynt að koma við óskum um námskeið fyrir leiðbeinendur hjá Eflingu.
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).
Leikskólinn er þátttakandi í Nord Plus verkefni. Við förum í ferðir bæði í nóvember og maí. Þessar ferðir eru bæði gefandi og fræðandi fyrir starfsfólk. Ferðirnar styrkja og efla fagstarf leikskólans og aukar samstarf á milli kennara.

6. Aðrar upplýsingar

6.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum 1.júní 2017 er 74 börn
- Kynjahlutfall í leikskólanum er 40 drengir og 34 stúlkur
- Dvalarstundir í skólanum eru 620.
- Fjöldi barna sem nutu stuðnings eitt barn í 2 tíma á dag.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku 6.
- Fjöldi tungumál eru 4.

6.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).

Kjörnir fulltrúar eru 5, kosið var á foreldrafundi að hausti. Hópurinn hittist tvisvar yfir veturinn. Foreldraráð las yfir starfsáætlun og gaf umsögn.

- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra verður 23. ágúst kl. 10.30. Foreldrafundur fyrir alla foreldra verður 5.október kl. 20.00-22.00. Dagskrá fundarins verða upplýsingar um áherslur og viðburðir í vetrarstarfinu, kosning í foreldrafélag og foreldraráð leikskólans.

- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).

Boðið var upp á foreldraviðtöl tvisvar á árinu. Fyrri viðtalið var í október, foreldrum verður sent eyðublað um hvaða þroskaþætti og getu þyrfti að efla hjá barninu. Í foreldraviðtalinu var foreldrum síðan boðið upp á gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið sitt og markmið til þess að vinna að um veturinn. Annað viðtalið var í apríl þar var farið yfir framfarir, sterkar hliðar og þroska barnsins.

- Foreldrafélag.

Í stjórn foreldrafélagsins eru 4 fulltrúar. Kosið er á foreldra fundi að hausti. Félagið hittist nokkrum sinnum á ári ásamt leikskólastjóra. Markmið félagsins er að stuðla að velferð barnanna á leikskólanum í samvinnu foreldra og starfsfólks leikskólans. Foreldrafélagið innheimtir gjald sem innheimt er með greiðsluseðli tvisvar á ári. Gjaldið er notað til þess að kaupa leiksýningar, rútuferðir, jólasvein og ýmislegt fleira. Hefð er fyrir foreldrakaffi þrisvar á ári. Einnig er foreldrum boðið að taka þátt í ýmsum uppákomum á leikskólanum s.s. vorferð, grænfánahátíð og sólstöðuhlaupi.

6.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.

Fundur er að hausti í Selásskóla og Norðlingaskóla og skipulag gert fyrir veturinn. Síðasta vetur fóru elstu börnin í 4 skipulagðar heimsóknir og 1.bekkur kom í eina heimsókn í leikskólann. 9. bekkur kemur frá Selásskóla og les fyrir börnin á Degi íslenskrar tungu.

- Samstarfsverkefni ef einhver eru.

Heimahagar er samstarfsverkefni þar sem 1.bekkur í Selásskóla og elstu börn í Heiðarborg, Rauðuborg og Blásölum hittast reglulega. Börn og kennarar gerða ýmis verkefni tengd útinámi. Markmið verkefnisins er meðal annars að brúa bilið milli skólastiga

6.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar á komandi skólaári eru: 15. september , 17. og 20.nóvember 2017 ,6.febrúar, 16. mars og 27.apríl 2018. Þar af eru þrír sameiginlegir starfsdagar leik- og grunnskóla 15.september, 20.nóvember og 16.mars.

7. Fylgiskjöl

7.1 Matsgögn

7.2 Leikskóladagatal

7.3 Umsögn foreldraráðs

7.4 Annað

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning